

Umhyggja – Fagmennska – Öryggi – Framþróun

Framkvæmdastjórn í lok árs 2022

Runólfur Pálsson forstjóri

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri meðferðarsviðs
Gunnar Ágúst Beinteinsson framkvæmdastjóri mannauðsmála
Hlíf Steingrimsdóttir framkvæmdastjóri aðgerðasviðs
Hrund Scheving Thorsteinsson settur framkvæmdastjóri hjúkrunar
Jón Hilmar Friðriksson framkvæmdastjóri þjónustusviðs
Ólafur Darri Andrason framkvæmdastjóri fjármála
Tómas Þór Ágústsson settur framkvæmdastjóri lækninga

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI, SKRIFSTOFA FJÁRMÁLA

Ritstjóri: Elísabet Guðmundsdóttir, netfang: elisabeg@landspitali.is Ábyrgðarmaður: Helga H. Bjarnadóttir, netfang: helgab@landspitali.is

Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	4
Árið 2022 á Landspítala.....	6
Lykiltölur Landspítala.....	7
COVID-19 faraldur á Landspítala	8
Jafnréttismál	9
Umhverfismál	10
Lykiltölur sviða.....	12
Klínísk þjónusta	13
Búseta sjúklinga LSH	17
Fæðingar	19
Skurðaðgerðir.....	20
Hjúkrunarálag	21
Bið eftir vistunarúrræði og endurhæfingu á Landakoti	21
Gæðavísar Landspítala	22
Kennslu- og vísindastarf	30
Mannauður	31
Fjármál og rekstur	36
Fimm ára tölfræðilegt yfirlit	39

Á vef Landspítala (www.landspitali.is) er m.a. að finna erindi ársfunda, ársreikninga, ársskýrslur og starfsemisupplýsingar síðastliðinna 20 ára, eða allt frá árinu 2000.

Einnig er hægt að sjá starfsemistölur niður á starfseiningar í janúar-desember hefti hvers árs á vef LSH undir „beint að efninu“ og „spítalinn í tölum“.

Hlutverk Landspítala

Landspítali er þjóðarsjúkrahús sem veitir bæði almenna og sérhæfða sjúkrahúspjónustu.

Landspítali er háskólasjúkrahús og vettvangur starfsnáms, sérmenntunar og vísindastarfs.

Landspítali býður upp á lifandi starfsumhverfi og viðvarandi starfsþróun.

Landspítali er kjölfesta íslenska heilbrigðiskerfisins.

Gildi Landspítala

Umhyggja

Við berum umhyggju fyrir sjúklingum, aðstandendum, samstarfsfólki og samfélagi okkar.

Öryggi

Við tryggjum öryggi sjúklinga og starfsmanna.

Fagmennska

Við höfum fagmennsku að leiðarljósi í öllum okkar störfum.

Framþróun

Við vinnum að stöðugum umbótum og nýtum gagnreynda þekkingu og viðeigandi tækni.



Inngangur forstjóra

Heimsfaraldur COVID-19 setti mark sitt á fyrri hluta ársins 2022. Sóttvarnartakmörkunum í samfélaginu var aflétt en smit urðu mjög útbreidd, sem leiddi bæði til fjölda innlagna og aukinna veikindafjarvista starfsfólks. Í upphafi sumars dró verulega úr faraldrinum og starfsemin fór að færast í eðlilegra horf. Mannekla var þó viðvarandi viðfangsefni.


Samanburður starfseminnar við árin 2020 og 2021 hefur takmarkaða þýðingu vegna áhrifa faraldursins. Þegar starfsemistölur ársins 2022 eru bornar saman við tölur ársins 2019 má sjá aukin umsvif í klínískri þjónustu spítalans og á það jafnt við um legur og komur á dag- og göngudeildir. Jákvætt er að skráðum atvikum sjúklinga fækkaði og reyndust skráð alvarleg atvik vera helmingi færri en árið 2021.

Innleiðing þjónustutengdrar fjármögnunar var í fullum gangi á árinu með ríkri áherslu á rétta skráningu (kóðun) í sjúkraskrá. Þetta veldur auknu álagi á meðan ný vinnubrögð eru innleidd en mun, þegar fram líða stundir, tryggja að fjárveitingar til spítalans verði í réttu hlutfalli við verkefni hans.

Að vanda voru kennsla og vísindarannsóknir veigamiklir þættir í starfsemi spítalans. Þá var unnið að fjölmörgum gæða- og úrbótaverkefnum. Aukin áhersla var lögð á nýsköpun, einkum þróun stafrænna lausna.

Í starfsemissupplýsingum Landspítala fyrir árið 2022 má finna ítarlegar upplýsingar um helstu þætti í starfsemi spítalans, auk upplýsinga um jafnréttismál, umhverfismál og gæðamál stofnunarinnar. Frekari upplýsingar um fjárreiður Landspítala í ársreikningi, ásamt heildaryfirliti yfir vísindastarf á Landspítala, má finna á vefsíðu spítalans (www.landspitali.is).

Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala



STARFSÁÆTLUN LANDSPÍTALA 2022

LYKILÁHERSLUR

GÓÐ ÞJÓNUSTA

- Innleiða gæðastaðla
- Efning dag- og göngudeilda
- Auka virkni sjúklinga í eigin meðferð (fjarheilbrigðisþjónusta, stefna LSH um heilsulæsi o.fl.)
- Endurskoðun á nýtingu og fjölgun legurýma til að mæta mismunandi þörfum sjúklinga

GOTT STARFSFÓLK

- Mönnunarviðmið og vinnuskipulag endurskoðað
- Leiðtogaþjálfun og teymisvinna
- Styrkja hermisetur sem þjálfar starfsmenn í gagnreyndum aðferðum og teymisvinnu
- Innleiðing á betri vinnutíma í vaktavinnu

GÓÐ UMGJÖRD

- Bætt nýting og framsetning gagna til að bæta ákvarðanatöku byggða á gögnum
- Endurbætur á húsnæði í samræmi við forgangsroðun
- Stafrenn þróun og innleiðing nýrra lausna eflid

MÆLIKVARÐAR

GÓÐ ÞJÓNUSTA

	Staðan 2021	Markmið 2022	Staðan 2022
Byttur á 1.000 legudaga	5,1	4,5	5,3
Hlutfall sjúki. (einstaklinga) sem eru í þjónustu dag- og göngudeilda	83%	84%	84%
Samráð við sjúklinga um útskrift	59%	60%	59%
Fjöldi dvalardaga sjúklinga > 1 sólarhring á bráðamóttöku í Fossvogi	5283	3000	8.786

GOTT STARFSFÓLK

	Staðan 2021	Markmið 2022	Staðan 2022
Veikindafjarvistir	7,5%	7,0%	8,9%
Starfsánægja (á kvarða 1-5)	4,0	4,1	3,8
Hlutfall starfsmanna sem fara í þjálfun í hermisetri á árinu.			-

GÓÐ UMGJÖRD

	Staðan 2021	Markmið 2022	Staðan 2022
Fjöldi deilda sem nýtir Heilsuveru í samskiptum við sjúklinga.	31		31
			-
			-

Árið 2022 á Landspítala



128.371

einstaklingar sem leituðu til Landspítala



3.558.905

rannsóknir á rannsóknarsviði



4.800

tölvur spítalans nota yfir 100 klínísk tölvukerfi



4.521

heimili notaði jafn mikið rafmagn



13.175

skurðaðgerðir



500.000

símtöl koma inn á símvör



1.994

nemendur á spítalanum



1.654

hjartabæðingar



62.038

komu á bráðadeild í Fossvogi



91.480

komur á slysa-og bráðamóttökur



26.379

fjöldi þeirra sem leggjast inn á legudeild



330.997

komur á dag- og göngudeildir



218.661

legudagur sjúklinga á spítalanum



111.557

meðferðir veittar af sjúkráþjálfurum og iðjuþjálfum



12

sjúklingar á gjörgæslu á dag



16.325

komur barna á bráðamóttöku barna



2.195

nýir blóðgjafar



3.167

börn fæðast



25.837

komur á göngudeildir og bráðapjónustu geðsviðs



6.148

starfsmenn í vinnu



8.884

komur sjúklinga í blóðskilun



1.750

tonn af úrgangi falla til

Lykiltölur Landspítala

Mikil áhrif heimsfaraldurs COVID-19 má sjá í lykiltölum árána 2021 og 2022.


Takmarkanir voru á starfsemi og umtalsverð aukning rekstrargjalda af völdum faraldursins og þess viðbúnaðar sem honum fylgdi.

Lykiltölur LSH

	2022	2021	Hlutfallsleg breyting
Klínísk þjónusta			
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH ¹⁾	128.371	123.416	4,0%
Fjöldi koma á allar bráðamóttökur	91.480	92.811	-1,4%
Komur, meðferðarsímtöl og fjarþjónusta á dag- og göngudeildum þar af komur	474.657	482.095	-1,5%
	333.916	341.685	-2,3%
Fjöldi lega, sérgreinar	26.379	27.076	-2,6%
Fjöldi legudaga, sérgreinar	218.661	214.739	1,8%
Fjöldi „legudaga“ á bráðamóttöku (dvalir lengur en 24 klst.)	8.787	5.283	66,3%
Meðalfjöldi inniliggjandi sjúklinga á dag á legudeildum	599	588	1,8%
Hlutfall endurinnlagna innan 30 daga frá útskrift	11,2%	12,6%	-11,1%
Hlutfall sjúklinga í hjúkrunarþyngdalflokkum IV og V ²⁾	45,7%	37,2%	22,9%
Meðallegutími (dagar), legur 30 dagar eða skemur	4,8	4,6	4,8%
Skurðaðgerðir (án inndælinga lyfs í auga)	13.175	14.457	-8,9%
Fæðingar	3.109	3.465	-10,3%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	3.558.905	4.000.875	-11,0%
Öruggur spítali			
Skráð atvik sjúklinga	4.759	5.196	-8,4%
- þar af alvarleg atvik	8	18	-55,6%
Skráð atvik starfsmanna	1.272	1.136	12,0%
Starfsmenn			
Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda starfsmanna ³⁾	4.882	4.696	4,0%
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	6.473	6.177	4,8%
Starfsmannavelta	15,5%	15,8%	-1,9%
Veikindahlutfall ⁴⁾	10,1%	8,5%	18,6%
Starfsánægja	3,8	4,0	0,0%
Rekstrargjöld á verðlagi ársins 2022 ⁵⁾			
Rekstrargjöld, þar af	103.502	100.880	2,6%
Launagjöld ⁶⁾	75.854	70.166	8,1%
Launagjöld á verðlagi hvers árs	75.854	65.529	15,8%

1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann, en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni. 2) Sjúklingar af 15 legudeildum lyf- og skurðlækninga flokkaðir í hjúkrunarþyngdalflokka frá I upp í V, þar sem V er þyngsti flokkurinn. 3) Greidd stöðugildi starfsmanna LSH, án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 4) Öll veikindi starfsmanna, með eða án launa. 5) Í milljónum króna, á föstu verðlagi 2022, án afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna og án fjármagnsliða. 6) Miðað er við launavísitölu ríkisstarfsmanna (heimild: Hagstofa Íslands). Vísitalan metur styttingu vinnutíma skv. kjarasamningum til launahækkunar, en styttingin tók gildi á árinu 2021.


Klínísk þjónusta á LSH, breytingar milli árána 2021 og 2022



COVID-19 faraldur á Landspítala

Frá því í lok febrúar árið 2020 hefur spítalinn glímt við Covid-19 veirusjúkdóminn, sem hefur hingað til birst í 4 misstórum bylgjum. Frá upphafi faraldurs til ársloka 2022 höfðu rúmlega 2.000 sjúklingar legið á spítalanum vegna COVID-19, þar af létust 111 á spítalanum. Af þessum 2.000 sjúklingum voru rúmlega 1.300 með COVID-19 sem aðalsjúkdómsgreiningu og 65 þeirra létust á spítalanum. Sumir fengu COVID-19 oftari en einu sinni og áttu nokkrar innlagnir og einhverjir lögðust endurtekið inn vegna eftirkasta sjúkdómsins. Eins og sjá má á súluritinu hér fyrir neðan voru innlagnir langflestar árið 2022 hjá öllum aldurshópum. Fjórða bylgjan tók á sig nýja mynd í upphafi árs 2022 með mikilli fjölgun smita og auknum innlögnum. Bylgjan náði toppi þann 18. mars 2022, en þann dag voru 85 sjúklingar inniliggjandi á spítalanum með COVID-19. Faraldurinn lagðist á starfsmenn Landspítala líkt og aðra landsmenn og voru fyrstu þrjú mánuðir ársins afar erfiðir, bæði vegna fjölgunar innlagðra sjúklinga með COVID-19, fjölgunar smitaðra í eftirliti COVID göngudeildar og vegna veikinda starfsmanna. Í árslok 2022 virtist það versta vera gengið yfir, en daglegur fjöldi inniliggjandi sjúklinga með COVID-19 sveiflaðist frá 5-30 frá sumrinu 2022.

Fjöldi inniliggjandi sjúklinga með COVID-19 á hverjum degi frá upphafi faraldurs í lok febrúar 2020 til ársloka 2022:



Tölur um COVID-19 faraldur á Íslandi í heild sinni má finna á vefslóðinni <https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>

Jafnréttismál

Jafnréttismál á Landspítala

Ný jafnréttisnefnd Landspítala var skipuð haustið 2022, en auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum innan spítalans og gaf það góða raun. Skipun nefndarinnar nær til 2024. Nánari upplýsingar um nefndina er hægt að sjá [hér](#). Unnið var að nýrri [framkvæmdaáætlun jafnréttismála](#) sem síðan var samþykkt í framkvæmdastjórn Landspítala í ársbyrjun 2023. Framkvæmdaáætlunin gildir til ársins 2026.



Aðal og varamenn Jafnréttisnefndar. Á myndinni eru frá vinstri: Eygló Ingadóttir formaður jafnréttisnefndar, Sóley Snædís Stefánsdóttir starfsmaður jafnréttisnefndar, Pétur Ásbjörnsson, Dýrleif Jónsdóttir, Hrafnhildur Kvaran, Baldur Guðni Helgason og Wendill Galan Viejo. Á myndina vantar Sigríði Ólínu Haraldsdóttur, Sigurð Guðmann Diðriksson, Telmu Ýr Óskarsdóttur og Harald Haraldsson.

Námskeið um jafnréttismál

Í kjölfar umræðu um kynferðislega áreitni og aðra ómenningu á Landspítala var ákveðið að fá Sóleyju Tómasdóttur og félagi í *Just consulting*, til að vera með námskeið fyrir starfsfólk og stjórnendur. Þrenns konar námskeið voru haldin

1. Jafnrétti og fjölbreytileiki (fyrir allt starfsfólk)
2. Að rugga bátum án þess að velta honum (fyrir áhugafólk um jafnréttismál)
3. Inngildandi stjórnarhættir á fjölbreyttum og flóknum vinnustöðum (fyrir stjórnendur)

Könnun um samskipti

Árlega sendir mannauðsdeild Landspítala út könnun um samskipti og sumarið 2022 svöruðu 1802, eða 29,2%. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þær eru að mestu í samræmi við fyrri ár, nema að núna var bætt inn spurningu um kynþáttafordóma, að beiðni jafnréttisnefndar. Þegar rýnt var í svörin kom í ljós að 26% þátttakenda sem voru með annað þjóðerni en íslenskt höfðu orðið fyrir kynþáttafordómum frá sjúklingi og 22% þeirra höfðu orðið fyrir kynþáttafordómum frá samstarfsfólki. Þetta eru sláandi niðurstöður og hefur nú verið skipaður hópur til að vinna verklagsreglur um viðbrögð við áreitni vegna fordóma með „zero tolerance“ að leiðarljósi.

Tafla 1:

Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum í starfi þínu orðið fyrir

	Kynbundinni áreitni	Kynferðislegri áreitni	Kynþáttafordómum
Já, frá sjúklingi	5,5%	4,6%	2,3%
Já, frá aðstandenda	1,0%	0,4%	0,8%
Já, frá samstarfsmanni	2,5%	1,4%	1,5%
Já, frá stjórnanda	0,6%	0,2%	0,2%

Nýjar og ítarlegar verklagsreglur vegna kynferðislegar áreitni voru birtar á árinu. Hægt er að sjá verklagsreglurnar [hér](#), en einnig er kominn auðveld leið til að tilkynna einelti, ofbeldi og áreitni, sjá [hér](#).

Jafnlaunamál

Niðurstöður [Jafnlaunagreiningar](#), byggðar á gögnum fyrir janúar 2023, benda ekki til þess að um kynbundinn launamun sé að ræða á stofnuninni. Kynbundinn launamunur mældist 1,7% körlum í hag. Fjöldi útlaga, byggt á sömu forsendum og áður hefur jafnframt breyst en útlagar sem liggja undir 20% viðmiði samkvæmt launalíkani eru nú 27 talsins. Unnið er að útlagagreiningu og aðgerðaáætlun verður gerð út frá niðurstöðu þeirrar greiningar.

Jafnréttismælikvarðar Landspítala eru gefnir út árlega en í þeim er hægt að fylgjast með þróun mála á spítalanum. Þar er fylgst með launajafnrétti, skoðað kynjahlutfall í stjórnun og skipulagi spítalans og ýmsum starfsstéttum og reynt að meta jafnrétti hvað varðar starfsumhverfi, starfsþróun og samþættingar vinnu og einkalífs. Hægt er að skoða jafnréttismælikvarða [hér](#).

GRÆNT BÓKHOLD LANDSPÍTALA 2022



ÞAÐ HELSTA AF ÁRANGRI Í UMHVERFISMÁLUM

Fyrsti áfangi rafvæðingu 40 bíla flota Landspítala hófst. Útboð og afhending bílanna dróst að miklu leyti fram á nýtt ár, því mun minni losun ekki sjást fyrr en í uppgjöri 2023. Stór hluti véla í lóðaumsjón var einnig rafvæddur. Starfsfólki bauðst að fá lánað rafhjól í mánaðartíma. Mikil ánægja var með verkefnið sem talið var hafa jákvæð áhrif á heilsu og hreyfingu og margir létu verða af kaupum á rafhjóli.

Tekinn var í notkun nýr umhverfisvænni starfsmannafatnaður úr tinsel og endurunnu polyester. Tinsel veldur minni umhverfisáhrifum í framleiðslu en t.d. bómull, minni orku þarf til að þurrka á notkunartíma og blái fatnaðurinn þykir þægilegur.





LOFTSLAGSÚRBÆTUR – BETRI FRAMTÍÐ

Kolefnisspor vegna starfsemi Landspítala jókst frá 2021 til 2022 og stendur nú í 3.339 tonnum CO₂-ílg. Kolefnissporið jókst um 11% milli ára einkum vegna aukningar í flugi og oliuotkun vegna varaafis.

GLAÐLOFT OG SVÆFINGAGÖS

Áfram dregst saman losun glaðlofts sem nú er eingöngu notað við fæðingar. Hætt er notkun desfluran og glaðlofts við svæfingar en báðar gastegundirnar valda miklum gróðurhúsáhrifum.

AKSTUR STARFSMANNA Í OG ÚR VINNU

Losun jókst um 4% sem m.a. skýrist af fjölgun starfsfólks, fleiri mæta til vinnu eftir COVID án þess að hlutur vistvænni samgangna hafi aukist. Á spítalanum er stöðugt verið að stuðla að vistvænum samgöngum m.a. með bættri aðstöðu fyrir hjólandi, miklum afslætti á verði árskorts í Strætó, rafhjólaláni til starfsfólks og láni á hjólum og skútum í vinnuferðir.

GUFUFRAMLEIÐSLA KETILHÚSS

Notkun jókst um 90% á gufu sem varaafli.

GUFUFRAMLEIÐSLA TUNGUHÁLS

Notkun jókst margfalt frá fyrra ári eða úr 14 í 82 tonn CO₂-ílg. Miklar sveiflur hafa verið undanfarin ár vegna meiri bílana.

FLUGFERÐIR

Losun vegna flugferða jókst mikið milli ára. Árið 2022 var losun vegna flugs 426 tonn CO₂-ílg en 2021 var lítið flogið vegna COVID takmarkana (48 tonn CO₂-ílg). Samdráttur í flugi er um 30% miðað við viðmiðunarárið 2015.

AKSTUR STARFSFÓLKS Á EIGIN BÍL

Dregst áfram saman, nú um 7% milli ára. Losun vegna akstur starfsfólks á eigin bíl í vinnuferðum eru 50 tonn CO₂-ílg.

AKSTUR BÍLA SPÍTALANS

Losun dróst saman um 2% á milli ára. Helmingur flotans átti að verða rafvæddur um mitt ár en dráttur var á afhendingu nýrra bíla fram á 2023.

LEIGUBÍLANOTKUN

Losun vegna leigubíla dróst saman um 5% frá fyrra ári.

AKSTUR MATAR OG LÍNS

Aukning á losun um 2% milli ára vegna aukinnar starfsemi.

ÚRGANGUR


Losun vegna úrgangs dróst saman um 5% vegna minna magns úrgangs í urðun, samdráttur var 52 tonn. Á móti jókst lífrænn úrgangur um 60 tonn.

RAFORKA

Losun vegna raforku jókst um 6% einkum vegna aukinnar starfsemi í þvottahúsi.


KOLEFNISPOR LANDSPÍTALA - UPPSPRETTUR

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar (tonn CO₂-ílgildi).







Sjá nðnar umfjöllun um kolefnisspor og drangur loftslagsmarkmiða og starfsdætlunar umhverfismála spítalans á landspítali.is

Kolefnislosun/stöðugildi/umfang






Samkvæmt GHG protokol, alþjóðlega viðurkenndum reikniðferðum kolefnisspors, eru þrjú losunarsvið: umfang 1 = bein dhreif, eigið húsnæði og rektur, farartæki spítalans; umfang 2 = óbein dhreif vegna hitunar og rafmagns; umfang 3 = óbein dhreif, losun utan spítalans svo sem aðkeyptur flutningur, flugferðir starfsfólks, úrgangur, ferðir starfsfólks til og frá vinnu og fleira. Landspítali hefur náð mestum drangri í samdrætti á losun í umfangi 1.

Lykiltölur sviða




Klínísk þjónusta


Tölur á sulum eru fyrir árið 2022




Fjöldi lega eftir yfirsjúkdómaflokkum DRG-kerfis (Diagnosis Related Groups)




Meðallegutími sjúklunga (dagar) (legur < 30 dagar)




Rúmafjöldi í árslok




Tegundir innlagna á legudeildir Landspítala



Legur útskrifaðra eftir legulengd - 2022




Afdrif legusjúklinga við útskrift



Meginþorri lega á LSH árið 2022 var hjá aldurshópnum 50 ára og eldri

(legur tengdar meðgöngu og fæðingu undanskildar)




Búseta sjúklinga LSH

Hér sést búseta sjúklinga sem leituðu til LSH árið 2022, skipt eftir heilbrigðisumdæmum. Fyrri talan í töflum sýnir fjölda einstaklinga sem komu á LSH en seinni talan segir hve stór hluti íbúa í heilbrigðisumdæminu fékk þjónustu á LSH (einu sinni eða oftár). Hlutfallstala fæðinga er miðuð við konur á aldrinum 18 til 45 ára sem voru búsettar í umdæminu.

Vestfirðir		
Legur	231	3,6%
Dag- og göngudeildir	994	15,5%
Bráðamóttökur	226	3,5%
Fæðingar	32	2,7%

Norðurland		
Legur	503	1,3%
Dag- og göngudeildir	3.063	8,2%
Bráðamóttökur	537	1,4%
Fæðingar	13	0,2%



Vesturland		
Legur	560	2,9%
Dag- og göngudeildir	3.528	18,5%
Bráðamóttökur	890	4,7%
Fæðingar	49	1,5%

Höfuðborgarsvæðið		
Legur	13.109	5,4%
Dag- og göngudeildir	65.616	27,2%
Bráðamóttökur	41.520	17,2%
Fæðingar	2.474	5,2%

Austurland		
Legur	221	2,0%
Dag- og göngudeildir	1.378	12,5%
Bráðamóttökur	251	2,3%
Fæðingar	18	0,9%




Suðurnes		
Legur	1.190	4,1%
Dag- og göngudeildir	5.904	20,3%
Bráðamóttökur	2.277	7,8%
Fæðingar	199	3,5%

Suðurland		
Legur	1.444	4,5%
Dag- og göngudeildir	6.523	20,1%
Bráðamóttökur	1.521	4,7%
Fæðingar	285	4,7%

Ósjúkratryggðir og erlendir ríkisborgarar		
Legur	642	-
Dag- og göngudeildir	691	-
Bráðamóttökur	1.970	-
Fæðingar	33	-




Bráðamóttökur

Á bls. 18 má sjá í hvaða heilbrigðisumdæmi sjúklingar sem koma á bráðamóttökur LSH búa.






Fæðingar

Yfir 70% fæðinga á Íslandi eru á Landspítala. Á bls. 17 má sjá skiptingu þeirra eftir búsetu móður.




Skurðaðgerðir






Hjúkrunarálag

Hjúkrunarálag er mælt daglega á 15 legudeildum lyflækningasviðs og skurðlækningasviðs auk endurhæfingardeildar og bráðaöldrunarlækningadeildar. Á myndinni má sjá aukningu á sjúklingum í þyngrri flokkum (flokkar IV og V).



Bið eftir vistunarræði og endurhæfingu á Landakoti







Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾

	2022				2021		2020	
	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Öryggi sjúklinga:				Ár				
Atvik sjúklinga								
Fjöldi skráðra alvarlegra atvika skv. atvikaskrá	8	-	-	-	18	-	10	-
Skráð óvænt andlát í atvikaskrá	28	-	-	-	27	-	24	-
Skráð byltuatvik pr. 1.000 legudaga ³⁾	5,3	-	-	-	5,1	-	5,2	-
Skráð lyfjaatvik á legudeildum pr. 1.000 legudaga	1,6	-	-	-	2,0	-	2,1	-
Skráð legusár á legudeildum, talið annað hvert ár (oddataluár)	-	-	-	-	13	-	-	-
Handhreinsun, fylgni við verklagsreglur (mælt á 17 deildum) ⁴⁾	0,8	-	-	-	-	-	-	-
Spítalásýkingar og sýkingavarnir ⁵⁾ - algengiskráning								
Hlutfall sjúklinga sem fengu spítalásýkingu af heildarfjölda innliggjandi sjúklinga ⁶⁾	-	5,6%	3,0%	2022	-	5,1%	-	5,3%
hlutfall þvagfærasýkinga af öllum spítalásýkingum	-	36,0%	-	-	-	29,0%	-	30,0%
hlutfall öndunarfærasýkinga af öllum spítalásýkingum	-	17,0%	-	-	-	22,0%	-	17,0%
hlutfall blóðsýkinga af öllum spítalásýkingum	-	4,0%	-	-	-	11,0%	-	13,0%
Blóðsýkingar, nýgengi pr. 100.000 legudaga - í vinnslu	-	Í vinnslu	-	-	-	-	-	-
Skurðsárasýkingar og legsýkingar eftir keisaraskurð ⁶⁾	-	Í vinnslu	-	-	-	3,4%	-	6,0%
Kóðun; Hlutfall koma án ICD af heildarfjölda koma á dag- og göngudeildir (unnið í apríl ár hvert)	-	17%	-	-	-	11,0%	-	10,0%



1) Tölur eru unnar í samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Útilokuð eru föll á legudeildum geðsviðs, kvenna- og barnasviðs og öllum dag- og/eða göngudeildum skv. ákvörðun gæðadeilda. Þetta er til að gera erlendan samanburð mögulegan. Markmið LSH árið 2021 var 4,5. 4) Skráning á handhreinsun 2020 og 2021 féll niður vegna Covid. (Handhreinsunarverkefnið "Með hreinum höndum": Fylgni við handhreinsun skv. hinum 5 tilfnum WHO mæld reglubundið með athugun.

<http://www.who.int/gpsc/5may/background/5moments/en/>). 5) Fjöldi sjúklinga með spítalásýkingu/fjölda innliggjandi sjúklinga á lyf- og skurðlækningasviði þar sem skráning fer fram. Tilvik talin fjórum sinnum á ári og meðaltal reiknað. 6) Erlendur samanburður er við Noreg. Tekið af netsíðunni: <https://www.fhi.no/hn/helseregistre-og-registre/nois/prevalens-nois-piah/om-prevalensundersokelsene-av-helse/#datainnlevering-og-resultatrapporter-piahnett>



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾



	2022				2021		2020	
	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Þjónusta, mönnun - flæði:				Ár				
Hlutfall sjúklinga sem eru eingöngu í þjónustu dag og göngudeilda	84%	-	-	-	84%	-	-	-
Fjöldi dag- og göngudeilda sem hefur inneitt Heilsuveru í þjónustu sinni	31	-	-	-	-	-	-	-
Endurinnlagnir; Hlutfall bráðaeurinnlagna innan 30 daga frá útskrift af legudeild, af öllum bráðalegum	-	11%	-	-	-	13%	-	12%
Meðallegutími í dögum (án útlaga mv 30 daga)	4,8	-	-	-	4,6	-	4,8	-
Bráðamóttaka Fossvogi								
Fjöldi dvalardaga á BMT Fv (komur lengri en 24 klst)	8.976	-	-	-	-	-	-	-
tími frá komu að fyrsta móttöku-/greiningaaðila	<15 mín	-	-	-	<15 mín	-	<15 mín	-
Meðaldvalartími á bráðamóttöku Fv. í klst., komur án innlagnar (ambulant)	5,7	-	-	-	4,9	-	4,5	-
Biðtími; Bið á bráðamóttöku, hlutfall innlagna innan 6 klst. frá því að innlögn var ákveðin	-	29% (vanskráð v. breyt.)	-	-	-	43%	-	52%
hlutfall endurkomu á bráðamóttöku í Fossvogi innan 72 klst.	-	7%	-	-	-	6%	-	7%
fjöldi „legudaga“ á BMT (komur lengri en 24 klst.)	8.787	-	-	-	5.283	-	3.597	-
Biðtími; Hlutfall sjúklinga sem beið lengur en 3 mín. eftir liðskiptaaðgerð - í árslok - MJÖDM	-	84%	-	-	-	78%	-	68%
Mönnun hjúkrunar; Hlutfall hjúkrunarfræðinga við beina hjúkrun á bráðalegudeildum - í árslok	-	51%	-	-	-	51%	-	50%



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾

	2022				2021		2020	
	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Þjónustukönnun, nokkrar útkomur:				Ár				
Vefræn svið fullorðinna (án barna- og geðdeilda):								
Heildarupplifun sjúkráhússlegu ³⁾⁴⁾ , skor á skalanum 1-10	8,30	-	7,97	2021	8,17	-	8,38	-
Hlutfall sjúklinga sem töldu vera nægilegt samráð við sig um útskrift ⁴⁾⁵⁾	-	59%	38%	2021	-	59%	-	58%
Hlutfall sjúklinga sem fékk skriflegar útskriftarleiðbeiningar ⁶⁾	-	72%	-	-	-	72%	-	74%
Gæði verkjameðferðar ⁷⁾	-	80%	-	-	-	82%	-	87%
Barnaeildir								
Heildarupplifun sjúkráhússlegu ³⁾ , skor á skalanum 1-10	8,54	-	-	-	8,1	-	7,73	-
Framkoma af virðingu ⁸⁾	-	75%	-	-	-	76%	-	76%
Gæði verkjameðferðar ⁹⁾	-	94%	-	-	-	86%	-	72%



1) Tölur eru unnar í samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Spurt var: "Þegar á heildina er litið, hver var reynslan þín í síðustu innlögn (gefin einkunn á kvarðanum 0 til 10, þar sem 0 var "Reynsla mín var mjög slæm" og 10 "Reynsla mín var mjög góð". 4) Samanburður við NHS á Englandi. <https://www.cqc.org.uk/publications/surveys/surveys> 5) Spurt var: "Fannst þér þú höfð/hafður með í ráðum þegar teknar voru ákvarðanir um útskrift þína af spítalanum?" Birt hlutfall þeirra sem svöruðu "Já, algjörlega". 6) Spurt var: "Áður en þú fórst af spítalanum, fékkstu afhentar einhverjar skriflegar upplýsingar um hvað þú ættir að gera eða mættir ekki gera eftir útskrif af spítalanum." Birt hlutfall þeirra sem svöruðu játandi. 7) Spurt var: "Þegar á heildina er litið, hvernig var verkjameðferðin sem þú fékkst." Hér er sýnt hlutfall þeirra sem töldu meðferðina nægjanlega. 8) Spurt var: "Fannst þér komið fram við þig og barnið af virðingu á meðan barnið var á spítalanum?". Hér er sýnt hlutfall þeirra svöruðu "Já, alltaf". 9) Spurt var: "Heldur þú að starfsfólk spítalans hafi gert allt sem það gat til að draga úr verkjum barnsins?" Hér er sýnt hlutfall þeirra sem svöruðu "Já, algjörlega".



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾

	2022				2021		2020	
	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Hjartalækningar:				Ár				
Kransæðapræðing, andlát í legu innan 30 daga eftir valaðgerð	0	0,0%	0,05% ³⁾	2022	0	0,0%	0	0,0%
Kransæðavíkkun, andlát í legu innan 30 daga	11	1,4%			8	1,0%	6	0,9%
Kransæðavíkkun v. hjartadreps með ST-hækkun, minuttur (miogiði) tra komu til vikkunar ⁴⁾	37 mín	-	-	-	-	-	-	-
Hlutfall kransæðavíkkana v. hjartadreps með ST-hækkun, framkvæmt innan 60 mín. ⁵⁾	-	82%	-	-	-	-	-	-
Kransæðahjáveituaðgerðir, andlát í legu innan 30 daga	1	2,1%	1,1% ³⁾	2022	0	0,0%	1	1,4%
Hjartadrep, andlát í legu innan 30 daga, þar af ⁶⁾	12	3,3%	4,1% ³⁾	2022	10	2,8%	13	3,3%
með ST hækkun á hjartalínuriti	10	5,8%	-	-	6	3,5%	9	4,7%
án ST hækkana á hjartalínuriti	2	1,0%	-	-	4	2,1%	4	1,9%
Hjartabilun, andlát í legu innan 30 daga	32	7,0%	-	-	28	6,2%	38	8,2%
Taugalækningar								
Heilaslag, andlát í legu innan 30 daga, þar af	29	11,2%	14,2% ⁷⁾	2021	23	10,8%	22	10,0%
v. heilaslags/blóðtappa	15	7,5%	-	-	11	6,4%	12	6,9%
v. heilaslags/heilablæðingar	14	23,7%	-	-	12	30,0%	10	21,7%



1) Tölur eru unnar í samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Svíþjóð: Tölur úr Swedeheart gagnagrunni. Annual report. 4) Door to needle time. 5) Áður borið saman við tölur úr Swedeheart gagnagrunni, en tölur ekki samanburðarhæfar lengur vegna breyttrar skráningar í Svíþjóð. 6) Hjartastopp með í þessum tölum ef það er vegna hjartadreps, annars ekki. 7) Tölur af vef Socialstyrelsen. https://sdb.socialstyrelsen.se/if_stroke/val.aspx.



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾



	2022				2021		2020	
	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi/skor ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Fæðinga- og kvensjúkdómálækningar				Ár				
Spangarklipping ³⁾	298	11,5%	-		355	12,0%	375	13,9%
Spangarrifur III eða IV gráða, þar af ³⁾	113	4,4%	2,5% ⁴⁾	2021	91	3,1%	77	2,9%
<i>án áhaldafæðinga</i>	91	3,9%	-		70	2,7%	58	2,4%
Keisaraskurðir, þar af	512	16,5%	18,6% ⁴⁾	2021	502	14,5%	589	17,9%
<i>bráðakeisaraskurðir</i>	320	10,3%	10,4% ⁴⁾	2021	330	9,5%	391	11,9%
Sogklukku - og tangarfæðingar, þar af ³⁾	270	10,4%	6,5% ⁴⁾	2021	307	10,4%	302	11,2%
<i>sogklukufæðingar</i>	262	10,1%	-	-	299	10,1%	291	10,8%
<i>tangarfæðingar</i>	8	0,3%	-	-	8	0,3%	11	0,4%
Fyrirburafæðingar	216	6,9%	5,4% ⁴⁾	2021	228	6,6%	211	6,4%
Burðarmálsdauði ⁵⁾	10	0,3%	0,4% ⁴⁾	2021	23	0,7%	11	0,3%

1) Tölur eru unnar í samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Áður birt hlutfall af fyrirhuguðum fæðingum um leggöng (fæðingar um leggöng og bráðakeisarar) en nú birt hlutfall af fæðingum um leggöng eingöngu. 4) Samanburður við Svíþjóð (bráðabirgðatölur), byggt á tölum af vef Socialstyrelsen: https://sdb.socialstyrelsen.se/lf_mfr_004/val.aspx. 5) Andvana fædd börn > 22 viku m.v. 500 gr fæðingarþyngd eða börn sem létust á fyrstu viku eftir fæðingu.



Skráning sjúkdómsgreininga á legudeildum og dag- og göngudeildum

Rétt og tímanleg skráning er mikilvægt öryggisatriði



Kennslu- og vísindastarf

Alls stunduðu 1.994 nemendur nám í heilbrigðisvísindum á Landspítala árið 2022, þar af 714 háskólanemar á framhaldsstigi.

Vísindin 2022 í tölum



132

Nýjar vísindarannsóknir sbr samþykktar umsóknir síðanefnda



283

Rýndar vísindagreinar starfsfólks Landspítala í erlendum tímaritum



43

Ritrýndar vísindagreinar starfsfólks Landspítala í innlendum tímaritum



149

Doktorsnemar tengdir Landspítala



158

Meistararnemar tengdir Landspítala



~335 milljónir

Vísindastyrkir til starfsfólks Landspítala



98 milljónir

Styrkir frá Vísindasjóði Landspítala



137,5

milljónir

Erlendir vísindastyrkir til starfsfólks Landspítala



~54

Fræðasvið þar sem voru stundaðar vísindarannsóknir á Landspítala



~119


Veggspjöld kynnt á alþjóðlegum ráðstefnum





~99

Fyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum

Fjöldi nemenda á LSH




Mannauður



Á Landspítala starfaði árið 2022 um 6.100 einstaklingur í um 4.900 stöðugildum

Greidd stöðugildi á Landspítala, meðaltal á mánuði árið 2022 - hlutfallsleg skipting eftir stéttarfélögum -







Starfsmannavelta og fjöldi starfsmanna og ársverka eftir stéttarfélögum ¹⁾

	Meðalfjöldi stm.		Breyting milli ára	Kyn (2022)		Meðaltal greiddra stg.		Stm. velta
	2022	2021		kk	kvk	2022	2021	2022 ²⁾
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	1.641	1.644	-0,2%	74	1.567	1.355	1.334	11,6%
Sameyki	1.538	1.405	9,4%	403	1.135	1.098	1.022	24,9%
Læknafélag Íslands	720	699	3,0%	347	373	583	573	9,1%
Sjúkraliðafélag Íslands	581	574	1,3%	33	549	441	427	15,7%
Efning stéttarfélag	444	424	4,8%	99	345	358	327	25,7%
Félag lífeindafræðinga	168	161	4,5%	11	157	142	138	8,1%
Félag íslenskra náttúrufræðinga	156	147	6,7%	36	120	141	130	14,6%
Fræðagarður	146	121	20,1%	42	104	123	104	12,1%
Ljósmeðrafélag Íslands	138	138	-0,6%	0	138	95	99	16,5%
Félag geislafræðinga	101	101	0,1%	10	92	93	91	6,6%
Sálfræðingafélag Íslands	86	77	11,1%	22	64	69	61	14,2%
Skurðlæknafélag Íslands	73	72	1,4%	57	16	57	56	7,5%
Félag sjúkraþjálfara	57	60	-6,2%	8	49	49	52	16,7%
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	50	51	-1,5%	18	32	49	50	9,1%
Félagsráðgjafafélag Íslands	44	51	-13,4%	1	43	39	46	17,3%
Lýfjafræðingafélag Íslands	47	43	9,6%	8	38	43	40	12,5%
Verkfæringafélag Íslands	42	39	6,1%	18	24	39	37	5,2%
Þjúpþjálfafélag Íslands	29	34	-13,6%	0	29	24	29	22,6%
Þöndarmenn	20	20	3,4%	20	0	20	19	9,8%
Félag iðn- og tæknigreina	13	12	7,5%	12	1	13	12	8,0%
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar háskólamenn	14	15	-8,2%	1	13	10	12	0,0%
Byggið Félag byggingamanna	10	9	5,4%	9	0	10	9	-
Þroskaþjálfafélag Íslands	9	10	-7,8%	0	9	6	7	-
Aðrir (kjaranefnd, verkstjórar, utan félaga o.fl.)	23	23	-0,4%	13	10	22	22	0,0%
Samtals	6.148	5.929	3,7%	1.242	4.907	4.882	4.696	15,5%



Heildarfjöldi starfsmanna á LSH (hver starfsmaður talinn einu sinni) ³⁾	6.129	5.912	3,7%
--	-------	-------	------

1) Meðalfjöldi starfsmanna sem fengu greidd laun á árinu, meðtalið t.d. fólk með tímabundna ráðningu, í starfsnámi og afleysingum. Undanskildir eru stm. í barnsburðarleyfi, foreldraorlofi eða launalausu leyfi. 2) Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall starfsmanna sem hættu störfum á árinu af meðalfjölda starfsmanna (starfsmenn í virku starfi með ótímabundna ráðningu á tímabilinu). 3) Nokkrir starfsmenn voru í tveimur stéttarfélögum bæði árin og eru því taldir oft en einu sinni í samtölum.



Veikindahlutfall starfsmanna 2020-2022

Fjarvera vegna veikinda starfsmanna er reiknuð og birt sem hlutfall af stöðugildum



COVID-19 veikindi starfsmanna voru áberandi jan-mars 2022. Skilgreiningar: Skammtíma veikindi: 1-7 dagar samfelld veikindi (vika). Meðallöng veikindi: 1-56 dagar samfelld veikindi (2 mán). Langtíma veikindi: samfelld veikindi lengur en 57 dagar (>2mán).

Fjármál og rekstur

Uppgjör 2022	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun	Frávik	
Tekjur:				
Rekstrarframlag ríkisins	92.543,9	92.543,9	0,0	0,0%
Frestaðar tekjur	1.598,1	1.598,1	0,0	0,0%
Rekstrartekjur ¹⁾	10.703,3	8.888,1	1.815,2	20,4%
Leyfisskyld lyf, dag og göngudeildir	5.431,2	6.134,0	(702,9)	-11,5%
Tekjur alls	110.276,4	109.164,1	1.112,3	1,0%
Gjöld:				
Launagjöld	75.854,4	75.784,3	(70,1)	-0,1%
Rekstrargjöld ¹⁾	26.143,5	25.929,1	(214,3)	-0,8%
Leyfisskyld lyf, dag og göngudeildir	5.212,6	5.925,0	712,4	12,0%
Samtals	107.210,5	107.638,5	427,9	0,4%
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.525,6	1.525,6	0,0	0,0%
Gjöld alls	108.736,2	109.164,1	427,9	0,4%
Tekjuafgangur án fjármagnsliða	1.540,2	0	1.540,2	-
Fjármunatekjur	45,2	18,4	26,8	145,3%
Fjármagnsgjöld	44,8	18,4	(26,4)	-143,2%
Tekjuafgangur	1.540,6	0	1.540,6	-
Í hlutfalli af tekjum alls	1,4%			

1) Inni viðskipti á LSH eru ekki meðtalin í rekstrargjöldum og sértekjum. Hér eru leyfisskyld lyf, fjármagnsliðir og afskriftir aðgreint frá öðrum rekstrartekjum/gjöldum og eru í sér línun.

Fjárhæðir í millj. króna

Framlag ríkis til Landspítala 2003-2022

Ár	Framlag til Lsp sem hlutfall af útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála ¹⁾²⁾	Framlag til Lsp sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins ¹⁾	Framlag til Lsp sem hlutfall af VLF ³⁾
2003	34,63%	8,06%	2,92%
2004	35,36%	8,04%	2,82%
2005	33,17%	7,59%	2,58%
2006	32,50%	7,17%	2,41%
2007	32,68%	7,09%	2,40%
2008	31,63%	4,43% ⁴⁾	2,29%
2009	26,44% ³⁾	5,00% ³⁾	2,08% ³⁾
2010	26,75%	5,16%	1,97%
2011	27,42%	4,88%	1,96%
2012	29,03%	5,72%	2,10%
2013	27,43%	5,67%	1,99%
2014	28,47%	6,09%	2,09%
2015	28,90%	6,41%	2,08%
2016	27,72%	5,83% ⁴⁾	2,09%
2017	28,54%	6,95%	2,21%
2018	28,22%	7,08%	2,27%
2019	27,28%	6,98%	2,23%
2020 ⁵⁾	28,42%	6,46%	2,46%
2021 ⁵⁾	29,72%	7,24%	2,67%
2022 ⁵⁾			2,51%

Heimild: Fjárlög og Hagstofa.is

1) Framlag ríkis til Lsp. er skv. fjárlögum og fjárukaulögum. Heildarútgjöld ríkis eru skv. upplýsingum um fjármál hins opinbera á vef Hagstofu Íslands.

2) Við flokkun ríkisútgjalda í málaflökka er hluti (3,5%) af útgjöldum til Lsp flokkaður undir menntamál. Hér er heildarframlag til LSH reiknað sem hlutfall af útgjöldum til heilbrigðismála. Gögn ná ekki lengra en til ársins 2020.

3) Í fjárlögum 2009 var fjárveiting vegna kostnaðar og umsýslu S-merktra lyfja sem ávisað er á dag- og göngudeildum flutt á annan ríkisaðila. S-merkt lyf eru þau lyf sem eru eingöngu til sjúkrahúsnota.




4) Yfirtaka á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands árið 2008 og gjaldfærð fjármagnstílfærsla á árinu 2016 hækka heildarútgjöld ríkisins þau ár og skekkir samanburð.

5) Sérstakar fjárveitingar til Landspítala vegna Covid-19 faraldurs hafa áhrif á hækkað framlag til spítalans sem hlutfall af landsframlagsi á árunum 2020, 2021 og 2022.


Uppgjör 2022

	Rauntölur				Áætlun				Frávik			
	Tekjur	Laun	önnur rekstrargjöld	Samtals	Tekjur	Laun	önnur rekstrargjöld	Samtals	Tekjur	Laun	önnur rekstrargjöld	Samtals
Skrifstofa Landspítala	(125,4)	5.509,6	539,0	5.923,2	(105,0)	5.494,1	558,8	5.947,9	20,4	(15,5)	19,8	24,8
Meðferðarsvið	(1.252,9)	26.450,0	3.633,0	28.830,1	(1.208,2)	27.156,5	3.745,2	29.693,5	44,7	706,5	112,2	863,5
Aðgerðasvið	(861,9)	30.325,0	7.763,8	37.227,0	(778,5)	30.139,6	8.172,3	37.533,4	83,4	(185,4)	408,4	306,4
Þjónustusvið	(14.927,0)	13.433,8	23.618,0	22.124,9	(13.594,9)	13.057,0	22.012,7	21.474,8	1.332,0	(376,8)	(1.605,3)	(650,1)
Utan sviða	987,4	136,0	(2.627,2)	(1.503,7)	646,0	(63,0)	(1.090,7)	(507,7)	(341,4)	(199,0)	1.536,5	996,1
Samtals	(16.179,6)	75.854,4	32.926,5	92.601,3	(15.040,6)	75.784,3	33.398,2	94.142,0	1.139,1	(70,1)	471,7	1.540,6

Fjárhæðir í millj. króna



Hækkun sérgreindra vara milli 2020 og 2021 er að mestu leyti tilkomin vegna kaupa á hvarfaefnum fyrir veipurannsóknir vegna Covid-19.



*Miðað er við launavísitölu ríkisstarfsmanna (heimild: Hagstofa Íslands). Vísitalan metur styttingu vinnutíma skv. kjarasamningum til launahækkunar, en styttingin tók gildi á árinu 2021.

Fimm ára tölfraðilegt yfirlit

Fimm ára tölfraðilegt yfirlit ¹⁾

Five years statistical overview ¹⁾

Fem års statistisk oversigt ¹⁾

	2022 Covid-19	2021 Covid-19	2020 Covid-19	2019	2018		
Þróun mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu ²⁾						Population development in the capital area ²⁾	Udvikling af befolkningen i hovedstadsområdet ²⁾
Íbúafjöldi	240.882	236.528	233.034	228.231	222.486	Number of inhabitants	Befolkning
Fjölgun íbúa	1,8%	1,5%	2,1%	2,6%	2,6%	Annual increase	Árlig vækst
Fjöldi einstaklinga 70 ára og eldri	23.916	22.988	22.077	21.289	20.467	Number of inhabitants age 70 years and older	Antal beboere 70 år og ældre
Hlutfall einstaklinga 70 ára og eldri	9,9%	9,7%	9,5%	9,3%	9,2%	Proportion of inhabitants age 70 years and older	Procent beboere 70 år og ældre
Fjöldi einstaklinga 80 ára og eldri	8.257	8.070	7.916	7.842	7.799	Number of inhabitants age 80 years and older	Antal beboere 80 år og ældre
Hlutfall einstaklinga 80 ára og eldri	3,4%	3,4%	3,4%	3,4%	3,5%	Proportion of inhabitants age 80 years and older	Procent beboere 80 år og ældre
Lykiltölur LSH ³⁾						Key operational statistics ³⁾	Nøgletal for hospitalet ³⁾
Rekstrarkostnaður alls uppreiðn. á verðlag ársins 2022 ⁴⁾	103.502.181	100.879.534	98.597.293	96.157.435	92.375.360	Total operational costs (ISK) ⁴⁾	Samlede udgifter (ISK) ⁴⁾
Launakostnaður	73%	70%	74%	76%	76%	Salaries	Udgifter til personale
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH	128.371	123.416	108.057	110.868	111.082	Number of individuals receiving hospital care	Antal personer som fik tjeneste fra hospitalet
Slysa- og bráðapjónusta - fjöldi koma	91.480	92.811	80.666	94.465	103.146	Emergency units, visits	Skadestue, antal besøg
Dag- og göngudeildarþjónusta ^{1) 5)}	479.054	486.181	454.682	445.603	414.765	Day- and outpatient units, all services ^{1) 5)} thereof	Ambulant tjeneste ^{1) 5)} deraf
þar af komur ¹⁾	330.997	337.560	309.423	342.885	325.686	visits ^{1) 5)}	besøg ^{1) 5)}
Fjöldi leiga/innlagna ¹⁾	26.379	27.076	24.656	25.404	25.185	Admissions ¹⁾	Antal indlæggelser ¹⁾
Fjöldi legudaga á legudeildum ¹⁾	218.661	214.739	204.840	219.187	220.050	Patient days ¹⁾	Antal sengedage ¹⁾
Fjöldi „legudaga“ á BMT (komur lengri en 24 klst.)	8.787	5.283	3.597	8.475	6.643	Patient days in ER (stays longer than 24 h)	Sengedage på skadestue (indlæggelser længere end 24 t)
Hlutfall sjúklingadaga í hjúkrunarþýngdarflokum IV og V ⁶⁾	45,7%	37,2%	33,5%	29,9%	26,2%	Proportion of patientdays in acuity groups IV and V ⁶⁾	Andel patientdage i plejetyngdegrupper IV og V ⁶⁾
Meðallegutími (dagar), legur 30 dagar eða skemur	4,8	4,6	4,8	4,7	4,8	Average length of stay (30 days max LOS)	Gennemsnitlig liggetid (30 dager)
Meðallegutími að viðbættum langlegum	8,4	8,1	8,6	8,9	8,6	Average length of stay, total	Gennemsnitlig liggetid, alle patienter
Hlutfall bráðra endurinnlagna innan 30 daga	11%	13%	12%	11%	12%	Readmissions within 30 days	Andel akutte genindlæggelser inden 30 dage
Meðal DRG vgt legudeildasjúklinga ⁷⁾	1,47	1,46	1,48	1,51	1,51	DRG casemix index, inpatients ⁷⁾	Gennemsnitlig DRG-vægt af indlagte patienter ⁷⁾
Heildarfjöldi DRG eininga, LSH í heild ⁷⁾	58.304	60.428	55.791	59.372	58.445	Total DRG units ⁷⁾	Samlede DRG enheder ⁷⁾
Fjöldi rúma í árslok	651	654	658	627	631	Hospital beds	Antal senge
Skurðaðgerðir ¹⁾	19.525	20.454	18.992	21.041	20.649	Surgical procedures, thereof	Kirurgiske behandlinger, deraf
Hlutfall dagdeildaraðgerða	63%	63%	64%	64%	66%	same day surgery	dagskirurgi
Fæðingar	3.109	3.465	3.284	3.207	3.088	Number of births	Antal fødsler
Rannsóknir á þjónustusviði	3.558.905	4.000.875	3.144.602	2.625.290	2.530.695	Diagnostic procedures, thereof	Diagnostiske undersøgelser, deraf
þar af myndgreiningar	126.311	126.936	113.545	129.138	134.262	diagnostic imaging	antal radiologiske undersøgelser
Skráð atvik sjúklinga	4.759	5.196	4.552	4.423	4.325	Patient safety incidents, thereof	Patientsikkerhed, utilsigtede hændelser, deraf
þar af alvarleg atvik	8	18	10	12	14	severe incidents	alvorlige
Skráð atvik starfsmanna	1.272	1.136	1.385	1.235	1.250	Staff safety incidents	Personalesikkerhed, utilsigtede hændelser
Greidd stöðugildi/ársverk, meðtalt á mánuði	4.882	4.696	4.461	4.362	4.221	Staffing, full time equivalents	Antal ansatte/ársverk
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	6.473	6.177	6.097	5.944	5.669	Number of employees	Antal ansatte personer ⁶⁾
Starfsmannavelta (%)	15,5%	15,8%	13,8%	14,3%	16,0%	Staff turnover	Personale omsætning
Veikindahlutfall starfsmanna	10,1%	8,5%	7,5%	7,8%	7,3%	Staff sickness absence rate	Sygefravær
Starfsánægja	3,8	4,0	4,0	4,0	4,0	Employee satisfaction	Personaletilfredshed

1) Árin 2020 til 2022 hefur kórónaveirufaraldur mikil áhrif á starfsemi tölur spítalans. Figures in 2020-2022 are affected by the Coronavirus pandemic. Tallene i 2020-2022 er påvirket af coronavirus epidemien.

2) Gögn frá Hagstofu Íslands. Data from Statistics Iceland. Data fra Islands Statistik.

3) Tölur úr ársskýrslum LSH. Data from hospital annual reports. Data fra hospitalets årsberetning.

4) Krönutölur í þúsundum, á verðlagi ársins 2022 (skv. vísitölum Hagstofu Íslands), án fjármagnslöða. Frá og með 2017 eru tölur án afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna. Numbers in thousands (ISK), at fixed price level for the year 2022. Tal i tusind (ISK), ved fast pris for året 2022.

5) Komur, meðferðarsímtöl og fjarþjónusta á dag- og göngudeildum. Day- and outpatient visits, treatment calls and remote services. Ambulante besøg, behandlingsopkald og fjernservice.

6) Sjúklingar af 15 legudeildum I-V og skurðlækninga flokkaðir í hjúkrunarþýngdarflokka frá I upp í V, þar sem V er þýngsti flokkurinn. Inpatients in 15 wards grouped in acuity groups I through V, where V is highest acuity. Patienter fra 15 afdelinger indplaceret i plejetyngdegrupper I til V, hvor V er patienter med behov for intensiv pleje.

7) Staðlaðar vgtir 2022, ófrágengið uppreiðnað. Nú notast við norskar vgtir sem eru hærrí en þær íslensku sem áður voru notaðar. Án nýbura, sjúkrahótelis og biðsjúklinga á öldrunardeild. Total DRG units based on 2022 DRG weights. Norwegian weights used now, that are higher than the Icelandic weights formerly used. Without newborns and patient hotel. Samlede DRG enheder baseres på 2020 DRG vægt. Nu bruges norske vægter der er højere end de islandske der tidligere brugtes. Uden nyfødte og patienthotel.

	2022	2021	2020	2019	2018	
Average exchange rate USD to ISK	135,5	127,1	135,3	122,7	108,4	Gennemsnitlig valutakurs USD til ISK
Average exchange rate EUR to ISK	142,3	150,2	154,5	137,3	127,7	Gennemsnitlig valutakurs EUR til ISK

Uppfært/Updated/Opdateret mai/May/maj 2023